

Fyrsti fundur Umhverfisnefndar 2013-2014 haldinn

2. október 2013 klukkan 9:00.

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Amelía Íris, Ásgeir Örn, Vilhelm Logi, Ásgeir Marinó, Sverrir Máni, Bríet Sunna, Iðunn Kara, Sigurdís Ósk, og Ólöf Ósk Fulltrúar starfsfólks Þórunn Júlíusdóttir skólastjóri, Auður Hafstað starfsmaður og fulltrúi foreldra Fanney Ólöf sem mætti í stað Arndísar Harðardóttur sem var kosin fulltrúi foreldra og Ingólfs Hartvigssonar varamanns hennar.

Þórunn setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Sérstaklega nýja fulltrúa nemenda þau Ásgeir Marinó, Sverri Mána, Bríeti Sunnu, Iðunni Köru, Sigurdísi Ósk og Ólöfu Ósk.

Fyrst fór Þórunn yfir það hvað merki grænánans er táknrænt.

- Hringurinn getur táknað jörðina eða sólina.
- Tréð og maðurinn er eitt, maðurinn er hluti af náttúrunni og það er fólki lífsnauðsynlegt að fara vel með náttúruna.
- Bókin minnir okkur á að stundum vitum við ekki allt en verðum að lesa okkur til og læra.
- Litirnir geta líka táknað, grænt fyrir gróður sem er undirstaða alls lífs, blátt og hvítt fyrir hreint vatn og loft.

Þá kynnti Þórunn fyrir fundinum þema þessa vetrar sem er seinni veturinn sem við veltum átthögunum fyrir okkur.

Við ræddum um hvaða að hvaða umhverfisverkefnum við höfum verið að vinna. Við komumst að því að við erum búin að taka upp kartöflurnar okkar og höfðum kynnt okkur líffræði hennar.

Við erum einnig búin að fara út með fjóra litaða legókubba, gulan, rauðan, grænan og bláan í leit að laufblöðum í sama lit. Krakkarnir voru ekki lengi að finna samlit laufblöð en mest kom á óvart að þau fundu blá laufblöð. Leikurinn var m.a. til þess gerður að vekja athygli þeirra á breytingum í umhverfinu á haustin.

En til þess að kynnast átthögunum okkar betur ætlum við að heimsækja vinnustaði pabbanna í hópnum og skoða á korti hvar við eigum heima fram að næsta fundi.

Fleira var ekki gert, fundargerð rituð upp eftir minni 22. október 2013.

